

Lög

um breyting á lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Dvöl á sjúkrahótelum. Fyrir dvöl á sjúkrahótelum skulu sjúkratryggðir greiða gjald sem nemur að hámarki 20% af kostnaði við gistingu og fæði og skal gjaldið ákveðið með reglugerð sem ráðherra setur.
- b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum þessum skulu greiða gjald fyrir dvöl á sjúkrahótelum sem nemur öllum kostnaði sem til fellur vegna dvalar á sjúkrahótelum í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur um þjónustuna við það ríki sem þeir koma frá.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 18. desember 2009.